



Gamla pósthúsið í allri sinni dýrð á Brúnavegi 8 í Reykjavík.

Hús án eirðar

Fá hús í Reykjavík hafa farið víðar en „gamla pósthúsið“ við Brúnaveg 8. Upprunalega stóð það við Austurvöll en þurfti að rýma fyrir Hótel Borg. Þá var það flutt í Skerjafjörð en varð að víkja fyrir flugvelli í stríðinu. Þá lá leiðin í Laugarásinn, þar sem húsið er nú í góðu yfirlæti.

Litmyndir: Árni Sæberg saeberg@mbl.is Texti: Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is



Húsið komið á núverandi stað árið 1941. Eins og sjá má hefur umhverfi þess tekið stakkaskiptum.

Það er vont að gera sér í hug-arlund að „gamla pósthúsið“ hafi ekki alltaf staðið við Brúnaveg 8. Svo vel fer um það í gróðursældinni í Laugarásnum. En hið rétta er að þetta er þriðji staðurinn sem valist hefur undir þetta sögufræga hús á riflega 160 árum. Í hvorugt skiptið vék húsið þó af fúsum og frjálsum vilja, fyrst stökkti Alþingishátíðin því á flóttan en síðan seinni heimsstyrjöldin. Það dugðu sum sé engir smáviðburðir. Margt hefur drifið á daga hússins gegnum tíðina og ýmsir mætir menn gengið þar um stofur.

Þegar latínuskólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur árið 1846 var dr. Hallgrímur Hannesson Scheving skipaður yfirkennari við skólann. Erfitt mun hafa verið að fá mannsæmandi hús-

næði í höfuðstaðnum á þessum tíma og brá Hallgrímur því á það ráð sumarið eftir að reisa sér íbúðarhús við Austurvöll. Þar bjó hann til hinstu stundar en maðurinn með ljáinn vitjaði Hallgríms á gamlársgang 1861.

Þá keypti húsið Óli P. Finsen, sonur Ólafs yfirdómara, sem rak póstafréiðslu og bóksölu. Óli lét öll bæjarmál mikið til sín taka og átti síðar sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur. Hann breytti húsinu talsvert á sinni tíð, lét setja á það kvist og lengdi það nokkuð til norðurs. Var húsið í daglegu tali aldrei kallað annað en Finsenshús. 1873 var stofnað nýtt embætti pósthúsmestara og komið á fót konunglegri pósthúsföng fyrir allt landið í Reykjavík. Embættið kom í hlut Óla P. Finsens og gegndi hann því til dauðadags.

Upprunalega var postur afgreiddur á skrifstofu stiftamtmanns en fyrsta eiginlega pósthúsið var í Hafnarstræti 18 (síðar Hafnarstræti 19). Haustið 1873 var gerður leigusamningur milli Óla og dönsku pósthúsmestara um leigu á hluta húss hans við Austurvöll. Upp frá því hættu menn að tala um „Finsenshús“ og kölluðu húsið einfaldlega „Pósthúsið“.

Margir fengu meiddi

Sumar heimildir herma að fyrsta pósthúsið hafi verið á heimili Óla en það mun ekki vera rétt.

Ekki tíðkaðist heimsending bréfa á þessum tíma og var því gjarnan handgangur í öskjunni í Pósthúsinu, þegar menn streymdu að til að vitja bréfa eða

annarra sendinga. Í grein í Lesbók Morgunblaðsins á aldarafmæli hússins, 1947, kemst Árni Óla svo að orði: „Varð þarna oft hinn mesti troðningur, því að húsakynni voru lítil, og fengu margir meiddi svo um munaði af alnboga-skotum og hryndingum.“

Í sömu grein hermir Árni einnig af rifrildum sem gjarnan risu þegar skila átti pósti til vana eða kunningja. „Jeg skal taka til hans!“ – „Nei, jeg skal taka það.“

Á seinustu pósthúsmestaraárum Óla Finsens var ráðinn til starfa bréfberi í Reykjavík. Árni hét hann, kallaður gáta, enda hafði hann yndi af því að búa til gátur og bera upp fyrir mönnum. Hermt er að Árni gáta hafi gefið sér góðan tíma í bréfurðinn og gjarnan



Vetur konungur setur húsið jafnan í fallett samhengi. Verðlaunatré í forgrunni.



Húsinu er vel við haldið að innan sem utan. Inni er auðvelt að detta áratugi aftur í tímann.



Vilhjálmur Finsen



Thor Jensen



Þetta skemmtilega tré, „klifritréð“, setur sterkan svip á garðinn.

„Það stóðu logar upp úr húsinu“

Minnstu munaði að glæstri sögu gamla pósthúsins lyki á einni kvöldstund árið 1958 þegar eldur kom upp í húsinu.

„Þetta var um vor eða sumar og við vorum að borða kvöldmatinn þegar vegfarandi bankaði á gluggann í borðstofunni og tilkynnti okkur að logar stæðu upp úr húsinu,“ segir Amalía H. Skúladóttir, barnabarn þáverandi húsráðanda, Halls L. Hallssonar, en hún ólst upp í húsinu hjá ömmu sinni og afa.

Amalía segir heimilismenn að vonum hafa rokið upp til handa og fóta en eldurinn kom upp í gufubaðsherbergi í norður-enda hússins. „Það logaði í húsinu og við óttuðumst að allt myndi brenna. Við byrj-

uðum því að bera út allt sem við mögulega gátum, málverk, bækur og fleira,“ segir Amalía.

Slökkviliðið bar fljótt að garði, náði tökum á eldinum og tókst að bjarga húsinu. Efri hæðin var þó illa farin að norðanverðu, baðherbergi og annað herbergi eyðilögðust til að mynda alveg. Þá urðu vatns-skemmdir umtalsverðar á báðum hæðum.

Bruninn hafði þó ekki áhrif á búsetu í húsinu enda náði eldurinn ekki út fyrir baðherbergin á efri hæðinni. „Við þurftum ekki að flytja úr húsinu meðan gert var við skemmdir sem urðu af vatni og reyk á báðum hæðum,“ segir Amalía. „Óllu var komið í fyrra horf og heppnaðist það ágætlega.“

beðið eftir kaffi og öðrum hressingum.

Óli Finsen lést vorið 1897 og tók þá Hannes Ó. Magnússon tímabundið við póstmeistaraembættinu. Sigurður Briem var svo skipaður póstmeistari 1. ágúst 1897. Um þær mundir varð mikill vöxtur á pósti og póstsamgöngum enda höfðu skipasamgöngur aukist til muna og gerðu menn sér fljótt grein fyrir því að Pósthúsið væri orðið of lítið. Eftir nokkurt samningaþóf fluttist póststofan úr Pósthúsinu yfir í gamla barnaskólann sem stóð við sömu götu. Hann var þá orðinn of lítill til að gegna sínu upprunalega hlutverki. Upp frá því var húsið aldrei kallað annað en „gamla pósthúsið“. Áður hafði gatan hlotið nafnið Pósthússtræti – og heitir enn.

Árið 1902 keypti Thor Jensen athafna-

maður húsið en hann rak á þeim tíma verslun í Godthaab, á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis, þar sem nú er veitingastaðurinn Apótek. Thor bjó í sex ár í húsinu eða þangað til hann hafði reist sér nýtt og veglegt heimili við Fríkirkjuveg 11.

Milljónafélagið og Morgunblaðið

Um tíma var Milljónafélagið, félag Thors og Péturs J. Thorsteinssonar á Bíldudal, með skrifstofur sínar í húsinu. Félagið nefndist svo vegna þess að hlutafélagans var milljón krónur sem samsvaraði ríkisútgjöldum stofnarið.

Nokkur barna Thors fæddust í gamla pósthúsinu, þeirra á meðal Thor Thors sendiherra og fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.



Ljósmynd/Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Gamla pósthúsið á sínum upprunalega stað við Austurvöll. Myndin er tekin þegar konur fögnuðu því að hafa fengið kosningarétt til Alþingis 1915.



Húsið komið í Skerjafjörðinn, þar sem það stóð á mótum Reykjavíkurvegjar og Þvervegjar frá 1928 til 1941.

Seinna eignaðist Carl Olsen stórkaupmaður gamla pósthúsið og bjó þar í nokkur ár.

Húsið varð ekki fyrir tjóni í brunanum mikla í Reykjavík vorið 1915.

Árið 1916 fékk ungt dagblað í Reykjavík, Morgunblaðið, inni í gamla pósthúsinu. Blaðið hafði haft skrifstofu sína í Ísa-foldarprentsmiðju en vegna stækkunar setjarasalarins varð blaðið að finna sér annan samastað. Skrifstofa og afgreiðsla Morgunblaðsins voru þó aðeins í hluta hússins en í útibyggingunni, þar sem póstafræðislan var áður, rak Hjálmar Gudmundsen kaupmaður verslun.

Vilhjálmur Finsen ritstjóri Morgunblaðsins þóttist hafa himin höndum tekið þegar blaðið flutti í gamla pósthúsið en hann var sonur Óla Finsen og fæddur í húsinu. Hermt er að Vilhjálmur hafi ekki þótt amalegt að sitja við skrifborð sitt í stofu foreldra sinna.

Byggt upp í Skerjafirði

Ekki átti það fyrir Morgunblaðinu að liggja að flendast í gamla pósthúsinu. Fyrir því fór eins og póstinum áður, afgreiðslurúm varð fljótt alltof lítið. Eftir árið flutti blaðið því í rýmra húsnæði í Lækjargötu 2.

Segir nú fátt af gamla pósthúsinu fyrr en farið var að tala um það á ofanverðum þriðja áratugnum að koma upp veglegu hóteli fyrir Alþingishátíðina 1930. Var

lóðin sem gamla pósthúsið stóð á, Pósthússtræti 11, talinn ákjósanlegur staður fyrir það. Var húsið því selt til niðurrifs 1928 og festi Jón Kristjánsson nuddari kaup á því. Á lóðinni reis í staðinn Hótel Borg.

Jón lét byggja húsið upp að nýju í Skerjafirði, á mótum Reykjavíkurvegjar og Þvervegjar. Þar heitir nú Einarsnes. Við flutninginn var húsinu gefið nafnið Breiðabólstaður. Nokkrar breytingar voru gerðar á því en máttarviðir og innviðir voru í sömu skorðum og verið höfðu áður. Fyrst um sinn bjó Jón sjálfur í húsinu en síðar var rekið þar barnaheimili um tíma. Síðan eignaðist Tómas Hallgrímsson bankamaður húsið og seldi það Halli L. Hallssyni tannlækni árið 1941.

Þá var skolið á stríð og Hallur hafði ekki búíð í húsinu nema tvo mánuði þegar breska hernámliðið krafðist þess að hann rífi húsið eða flytti það á brott. Það yrði að víkja fyrir flugvelli. Enn var gamla pósthúsið á faraldsfæti.

Hreint ekki vistlegt

Ekki var hlaupið að því að fá góða lóð á þessum tíma en eftir nokkra leit sættist Hallur á að flytja húsið í Laugarásinn. „Þetta land var ekki annað en stórgrýtt urð og hreint ekki vistlegt að setjast þar að,“ segir Árni Óla í téðri grein sinni í Lesbók. „En sá kostur fylgdi þó, að þarna

var nóg landrými og staðhættir þannig að húsið hlaut að njóta sín mjög vel.“

Bretar rifu húsið og reistu að nýju í Laugarásnum á undraskömmum tíma. Litlu var breytt, nema hvað hækkað var undir loft á stofuhæð með því að setja þykkt tré undir stafi. Seinna var svo byggt forskyggni við útidyr og hliðarálma baka til.

Hallur gaf húsinu nýtt nafn við flutninginn – Breiðablik. Lengi var það skráð Laugarmýrarblettur 35 í opinberum gögnum, um skeið Breiðablik við Sundlaugaveg en loks Brúnavegur 8 eftir að gata var lögð upp ásinn frá Sundlaugavegi.

Nánasta umhverfi hússins breyttist fljótt enda var Hallur með iðagræna fingur. Kom hann sér upp garði sem vakti í senn öfund og aðdáun. Á afmælisdegi Reykjavíkur 1951 varð garður Halls hlutskarpastur í keppni Fegrunarfélags Reykjavíkur um fallegasta skrudgarðinn í bænum. Í rökstuðningi dómnefndar sagði meðal annars: „Þessi garður er að því leyti frábrugðinn öðrum skrudgördum í bænum, að hann er skipulagður í landslagsstíl. Þegar upprunalegrí stórgrýtisurð er breytt í þennan fagra og gróðursæla reit, ber það tvímælalaust vott um meiri vinnu, áhuga og februnarlöngun, en dæmi eru til annars staðar í bænum. Auk þess gefst þar að líta afar fjölbreyttan jurtagróður.“

Amalía Hallfríður Skúladóttir, ekkja Halls, seldi húsið árið 1971.

Féllu fyrir húsinu

Árið 1982 festu hjónin Bergur Benediktsson verkfræðingur og Ragnhildur Þórarinsdóttir matvælafræðingur kaup á húsinu. Var það þá farið að láta á sjá og Bergur upplýsir brosandir að sumir hafi álitnið kaupin „hálfgerða vitleysu“ enda hafi sögugvitund Reykvikinga verið minni á þessum tíma en hún er í dag. En hjónin féllu fyrir húsinu og varð ekki haggað. Þau sjá ekki eftir því í dag.

Bergur og Ragnhildur hafa lagt mikla vinnu í að gera húsið upp í upprunalegum stíl og staðfesta myndir að vel hefur til tekist. Leifur Blumenstein byggingafræðingur var hjónunum innan handar við endurbæturnar.

Áslaug Helgadóttir prófessor og Nikulás Hall komu að kaupum á húsinu 1982 og uppperð þess.

Amalía H. Skúladóttir, barnabarn Halls tannlæknis, sem ólst upp í húsinu, ber lof á framtakssemi núverandi eigenda. „Fjölskylda mín hefur í tvígang notið einlæggar gestrisni þeirra og ber okkur öllum saman um að frábærliga hafi verið staðið að endurreisn hússins. Það er orðið stórglæsilegt og eigendum til mikils sóma.“

Bergur og Ragnhildur lögðu niður nafnið Breiðablik og kalla húsið ýmist „gamla pósthúsið“ eða einfaldlega Brúnaveg 8. Þau ráku um tíma gistingu í húsinu og þá hentaði vel að nota gamla pósthús-nafnið. „Annars segist ég yfirleitt bara búa á Brúnavegi 8,“ segir Ragnhildur.

Að sögn Bergs er mjög góður andi í húsinu. Um það séu allir sammála. Spurður hvort gamlir húsbændur hafi nokkuð látið á sér kræla svarar Bergur neitandi. „Svo virðist sem þeir hafi öðrum hnöppum að hneppa. Alla vega hef ég ekki orðið var við þá – ennþá.“

Á hinn bóginn hafa niðjar fyrri eigenda sýnt húsinu áhuga og bæði fólk Halls tannlæknis og Thors Jensens fengið afnot af því til að halda veislur. Bergur og Ragnhildur segja sér ljúft og skylt að verða við slíkum beiðnum.

Gamla pósthúsið hefur ekki verið fyrir neinu í tíð Bergs og Ragnhildar og aldrei komið til tals að flytja það enn eina ferðina. „Það var auðvitað klaufaskapur að fjarlægja ekki húsið 2007 og reisa turn,“ segir Bergur sposkur, „en fyrst maður klikkaði á því tekur því varla að flytja það úr þessu.“